

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>0-0</i>	K/S <i>1.11.17</i>
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Sími 480 5550  
www.utu.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss

Laugarvatni, 30.10.2017  
Tilvísun: 1704037 SB

**Efni: Holtabraut 1-7: Holtabraut 1 og 3: Fækkun lóða: Deiliskipulagsbreyting**

Á fundi skipulagsnefndar þann 27. október 2017 var erindi þitt tekið fyrir og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:


*Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins Brautarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í breytingunni felst að fjórum einbýlislóðum við Holtabraut (1,3,5 og 7) er breytt í tveir raðhúsalóðir fyrir 4-6 íbúðir á bilinu 40 ? 90 fm í hvoru húsi fyrir sig með sameiginlegu bílastæði vestan lóðanna. Þá er aðkomu frá Skeiðavegi að Malarbraut lokað og austurmörk lóðar nr. 3 færð fjær landamörkum við Húsatóftir 2. Tillagan var kynnt 31. ágúst 2017 með athugasemdafresti til 13. október. Eitt andmálabréf barst með undirskrift 15 aðila.*

*Skipulagsnefnd mælir með að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt frá auglýstri tillögu. Að mati nefndarinnar er umtalsverð eftirspurn eftir minni íbúðum á svæðinu og í tillögunni er þegar búið að gera breytingar til að koma til móts við ábendingar sem fram komu á fyrri stigum málsins.*

*Björgvin Skafti vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

Samþykkt skipulagsnefndar hefur verið send viðkomandi sveitarstjórn til staðfestingar. Sá fyrirvari er á þessari tilkynningu um samþykkt skipulagsnefndar að sveitarstjórn staðfesti hana á næsta fundi sínum.

**Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.**



Sigrún Elín Birgisdóttir  
Ritari skipulagsfulltrúa